

1872.
2. nóvbr. ingsári er ætlað til óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma, og skal því við bætt, að vèr höfum í dag skrifað landfógeta, að borga tæða upphæð af jarðabókarsjóði Íslands, þegar þèr heimtið það.

2. nóvbr. **102. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um aldursleyfi fyrir prestsefni.**

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast allramildlegast 28. f. m. að veita prestaskólakandídat Steindóri Jóhannsyni Briem leyfi til að láta vígjast til prests á þessu hausti, þótt hann sé ekki 25 ára að aldri.

Um leið og þetta verður yður hërmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjöríð það, mælist stjórnarráðið til, að þèr fáið Steindóri Jóhannsyni Briem meðfylgjanda leyfisbréf í hendur.

4. nóvbr. **103. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um kostnaðinn við byggingu fangelsis og hegningarhúss í Reykjavík.**

Eptir að þèr, herra stiptamtmaður, höfðuð leitað álits bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, hafið þèr í bréfi, dagsettu 22. ágústm. þ. á., látið í ljósi álit yðar um niðurjöfnun þeirra 22,270 rd., sem samið var um fyrir að byggja hegningarhús og fangelsi í Reykjavík, á dómsmálasjóð Íslands, jafnaðarsjóð suduramtsins og Reykjavíkur kaupstað; utaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að eins og dómsmálastjórnin eptir því, hvernig ástatt er, eigi mun standa fast á því, að Reykjavíkur kaupstaður leggi til meir til þess hluta af tæðum

1872.

4. nóvbr.

22,270 rd., sem lendir á húsakynnum þeim, sem ætluð eru bæjarþingi Reykjavíkur og bæjarstjórninni, en þá 2,500 rd., sem boðnir voru í upphafi, þannig fellst hún einnig á uppástungu yðar um niðurjöfnun þeirra 4,906 rd. 64 sk., sem, samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 18. maí þ. á., lendir á þeim hluta, sem ætlaður er til fangelsis handa Reykjavíkur kaupstað og nokkrum sýslum í suðuramtinu, en eftir því skyldi Reykjavík leggja til $\frac{1}{3}$ eða 1,635 rd. 53 sk., en 3,271 rd. 11 sk. greiddast af jafnaðarsjóði suðuramtsins. Samkvæmt þessu verður allri upphæðinni, 22,270 rd., jafnað niður á þessa leið:

á Reykjavíkur kaupstað	2,500 rd.	» sk.	
	1,635	— 53	—
			4,135 rd. 53 sk.
á jafnaðarsjóð suðuramtsins			3,271 — 11 —
á dómsmálasjóðinn			14,863 — 32 —
			<hr/>
			22,270 rd. » sk.

Ad því leyti, er snertir borgun þess, sem samkvæmt þessu er jafnað niður á Reykjavík og jafnaðarsjóð suðuramtsins, og sem þær, herra stiptamtmaður, hafið stungið uppá að verði útvegað með því að taka lán af hjálparsjóðnum íslenska með þeim skilmálum, að borgaðir verði 4 af hundraði í vöxtu á ári hverju og $\frac{1}{15}$ goldinn árlega uppí innstæðuna á þeim 15 árum, sem í hönd fara, skal því bætt við, að þótt stjórnarráðið eigi sè mótfallið því, að tæð lán verði veitt með þeim skilyrðum, sem nefnd voru, getur það samt ekki álitid það tiltakilegt, að leggja talsverð gjöld á hjálparsjóðinn, með því menn nú sem stendur vita ekki, hvað mikill hjálparsjóðurinn verður, en aptur á móti hefir stjórnarráðið í hyggju, ef til þess kemur, að taka uppá fjárhagsáætlunina fyrir næsta reikningsár það, sem með þarf til þess að veita Reykjavíkur kaupstað og jafnaðarsjóðnum lánið með fyrnefndum skilmálum.